

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 208/2024

2024/EES/92/27

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/821 frá 8. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vatnsrofnu prótíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/839 frá 8. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu þvagefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/835 frá 12. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu trínexapaki, sem trínexapaketylí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/836 frá 12. mars 2024 um samþykki fyrir grunnefninu magnesíumhýdroxíði E528, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32024 R 0821:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/821 frá 8. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/821, 11.3.2024),
- **32024 R 0839:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/839 frá 8. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/839, 11.3.2024),
- **32024 R 0835:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/835 frá 12. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/835, 13.3.2024),
- **32024 R 0836:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/836 frá 12. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/836, 13.3.2024).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/821, 11.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/821/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/839, 11.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/839/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/835, 13.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/835/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/836, 13.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/836/oj

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2591):

„13zzzzzzzzzzzzi. **32024 R 0821:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/821 frá 8. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vatnsrofnu prótíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/821, 11.3.2024).

13zzzzzzzzzzzzzj. **32024 R 0839:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/839 frá 8. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu þvagefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/839, 11.3.2024).

13zzzzzzzzzzzzzk. **32024 R 0835:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/835 frá 12. mars 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu trínexapaki, sem trínexapaketylí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/835, 13.3.2024).

13zzzzzzzzzzzzzl. **32024 R 0836:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/836 frá 12. mars 2024 um samþykki fyrir grunnefninu magnesíumhýdroxíði E528, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/836, 13.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/821, (ESB) 2024/839, (ESB) 2024/835 og (ESB) 2024/836, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.